

## Tilgangur

Þetta skjal veitir lykilupplýsingar um þessa fjárfestingavöru. Þetta er ekki markaðsefni. Það er skylda að lögum að veita þessar upplýsingar til að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað, mögulegan ávinning og tap af þessari vöru og auðvelda þér að bera hana saman við aðrar vörur.

## Vara

**Heiti vöru:** Pacific Global All Cap Opportunities Fund EUR E Accumulating (ekki áhættuvarinn)

**PRIP framleiðandi og rekstrarfélag:** Waystone Management Company (IE) Limited

**Fjárfestingastjóri:** Pacific Capital Partners Limited

**ISIN:** IE000E83NVQ3

Vefsetur: [www.pacificam.co.uk](http://www.pacificam.co.uk)

Hringið í +44 (0)20 3970 3100 til að fá nánari upplýsingar.

Central Bank of Ireland (CBI) ber ábyrgð á umsjón með Waystone Management Company (IE) Limited í tengslum við þetta skjal lykilupplýsinga.

Varan er undirsjóður Pacific Capital UCITS Funds plc (fyrirtækið) sem hefur heimild til reksturs á Írlandi og Seðlabanka Írlands (CBI) er eftirlitsaðili og hefur verið skráð til sölu í öðrum aðildarríkjum EES.

Waystone Management Company (IE) Limited hefur heimild til reksturs á Írlandi og Seðlabanka Írlands (CBI) er eftirlitsaðili.

Pacific Capital Partners Limited hefur heimild til reksturs í Englandi og Financial Conduct Authority (FCA) er eftirlitsaðili.

**Þetta lykilupplýsingaskjal er rétt frá og með 18. febrúar 2026.**

## Hvaða vara er þetta?

### Tegund

UCITS

### Tímabil

Félagið er opin sjóður án ákveðins gjalddaga. Með fyrirvara um gjaldþrot, slit og uppsagnarrétt sjóðsstjórnar eins og fram kemur í útboðslýsingu sjóðsins, getur sjóðnum ekki verið sagt upp sjálfkrafa. PRIIP framleiðandinn, Waystone Management Company (IE) Limited, hefur ekki rétt til að segja upp vörunni einhliða.

### Markmið

Fjárfestingarmarkmið vörunnar er að skila langtímavexti höfuðstóls í Bandaríkjadöllum með því að fjárfesta aðallega í hlutabréfum og hlutabréfatengdum gæmingum á þróuðum mörkuðum.

Leitast er við að ná fjárfestingarmarkmiði afurðarinnar með því að fjárfesta a.m.k. 80% af hreinni eign hennar í verðbréfum og/eða hlutabréfatengdum verðbréfum fyrirtækja eða í tengslum við fyrirtæki sem hafa lögheimili í eða afla stórs hluta tekna sinna frá þróuðum mörkuðum. Þróaður markaður er land sem sýnir þróaðra hagkerfi og þroskaðri fjármagnsmarkað. Þessir markaðir einkennast af hærri vergri landsframleiðslu á mann en nýmarkaðir, stöðugra stjórnmálaumhverfi, þróaðri innviðum, greiðsluhæfi og gagnsæi. Framkvæmdastjóri skal hafa umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti („UFS“) til viðmiðunar bæði hvað varðar jákvæða beitingu UFS-viðmiða til að bera kennsl á þá fjárfestingu sem á best við og hvað varðar beitingu tiltekinnna útilokandi þátta og skimunarþátta til að útiloka fjárfestingar sem getu haft neikvæð áhrif á umhverfislega eða félagslega þætti. Afurðin skal fjárfesta að minnsta kosti 95% af hreinni eign sinni í fyrirtækjum sem uppfylla ofangreindar skimanir. Afurðin er undir virkri stjórn og er hvorki ætlað að fylgja viðmiðum né vititölutakmörkunum. Afurðin mun vísa til MSCI World All Cap-vísitölnunnar til samanburðar. Afurðin mun ekki fjárfesta meira en 20% af innra virði sínu á nýmörkuðum. Afurðin fjárfestir iðulega í um 30 til 50 hlutabréfaeignum en kann að fara út fyrir þau viðmið öðru hvoru. Afurðin mun ekki hafa neina áherslu hvað varðar landfræðilega staðsetningu, geira eða iðnað og getur fjárfest í fyrirtækjum af hvaða markaðsverðmæti sem er. Afurðin getur fjárfest allt að 10% af hreinni eign sinni í óskráðum framseljanlegum verðbréfum, þ.m.t. óskráðum lokuðum fjárfestingarsjóðum sem uppfylla skilyrði um verðbréfasjóði og fjárfestingarmarkmið afurðarinnar. Auk þess getur afurðin allt að 10% af hreinni eign sinni í ábyrgðum og réttindum sem gefin eru út af fyrirtækjum sem eru skráð eða verslað er með á viðurkenndum mörkuðum og kauphöllum og í innlánskírteinum og/eða hlutdeildarskírteinum þar sem afurðin getur ekki fengið beinan aðgang að markaði. Afurðin má ekki fjárfesta í verðbréfum með föstum tekjum en getur fjárfest allt að 15% af hreinni eign sinni í forgangshlutabréfum. Slík forgangshlutabréf geta haft fasta eða breytilega vexti og þurfa ekki að vera í fjárfestingarflokki samkvæmt skilgreiningu Standard and Poor. Ekki er heimilt að fjárfesta umfram 10%

samanlagt af innra virði afurðarinnar í verðbréfum undir fjárfestingarflokki. Afurðin getur einnig fjárfest í opnum fjárfestingarsjóðum að því gefnu að þeir uppfylli skilyrði um framseljanleg verðbréf samkvæmt reglum um verðbréfasjóði og verðbréfavíðskipti (þar með taldir sjóðir í umsjón fyrirtækja í Kyrrahafi). Sérhver slík fjárfesting skal ekki fara umfram 10% af innra virði afurðarinnar. Að undanskildum fjárfestingum í peningamarkaðssjóðum vegna reiðufjárfestjónunnar skal aðeins fjárfesta í sameiginlegum fjárfestingarsjóðum með fjárfestingarstefnu sem svipar til fjárfestingarstefnu afurðarinnar. Fjárfestingastjóri skal notast við skimunarferli á greiðsluhæfi og virði sem tekur tillit til frammistöðu markfyirtækja með það í huga að koma auga á fyrirtæki með trausta vaxtarmöguleika, markaðsleiðandi vörur, verðlagsvald á viðeigandi markaði og/eða kostnaðarstýringu, mikla og/eða batnandi arðsemi, trautan efnahagsreikning og aðlaðandi núverandi verðmat. Fjárfestingastjóri skal taka tillit til frammistöðu markfyirtækja með því að nota ýmsa reikningsskilamælikvarða og á grundvelli reglulegra funda með stjórnendateymi til að auka skilning á rekstrarlíkani og stjórnendateymi markfyirtækisins. Afurðinni er heimilt að nota afleiðugeringa („FDI“) fyrir skilvirkra stýringu eignasafns (svo sem varnir gegn fyrirséðum hreyfingum á markaði eða verðbréfi eða þar sem það er hagkvæmara en að eiga undirliggjandi eignina beint). Grunnjaldaðið afurðarinnar er Bandaríkjadalur. Þessi flokkur er í evrum. Tekjum sem skila sér af fjárfestingum í afurðinni verður ekki dreift heldur haldið innan afurðarinnar. Líta skal á fjárfestingu í afurðinni sem miðlungslanga til langtímafjárfestingu.

### Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Afurðin er ætluð fjárfestum sem gera sér grein fyrir áhættustiginu, geta þolað meðalmiklar sveiflur og geta tekið á sig mögulegt tap (allt að allri fjárfestu fjárhæðinni) af fjárfestingu í afurðinni. Afurðin er hönnuð til að vera hluti af fjárfestingasafni.

### Mikilvægar upplýsingar

- Fyrirtækið er fjárfestingarfyrirtæki með breytilegt fjármagn sem er skráð á Írlandi með fyrirtækjanúmerið 553111. Það er stofnað sem regnhilfarsjóður með aðskilda áhættu milli undirsjóða.

- Citi Depository Services Ireland Designated Activity Company er vörsluaðili fyrirtækisins.

- Frekari upplýsingar um fyrirtækið, afurðina og mismunandi flokka hlutabréfa (þ.m.t. afrit af núverandi útboðslýsingu, viðbótarlýsingu og nýjustu ársskýrslu og reikningsskilum) eru aðgengilegar á netinu á [www.pacificam.co.uk](http://www.pacificam.co.uk).

- Fjárfestar geta skipt hlutabréfum sínum í afurðinni út fyrir hlutabréf í öðrum undirsjóðum Pacific Capital UCITS Funds plc, að því gefnu að þeir uppfylli skilyrði fyrir fjárfestingar í öðrum undirsjóð(um). Frekari upplýsingar um skipti er að finna í útboðslýsingunni sem og viðbótarlýsingunni.

## Hver er áhættan og hvað fengi ég í staðinn?

### Áhættuvísir



Í áhættuvísinum er gert ráð fyrir að þú eigir vöruna í 5 ár. Raunveruleg áhætta gerur verið verulega breytileg ef selt er snemma og þú gætir borið minna úr býtum.

Samantekinn áhættuvisir er til leiðbeiningar um áhættustig þessarar vöru í samanburði við aðrar. Hann sýnir hve líklegt er að varan tapi peningum vegna hreyfinga á markaði eða vegna þess að við getum ekki borgað þér.

Við höfum flokkað þessa vöru sem 4 af 7, sem er miðlungs áhættuflokkur.

Þetta metur hugsanlegt tap af framtíðarframmistöðu á miðlungs stigi og slæmar markaðsaðstæður gætu haft áhrif á getu okkar til að greiða þér.

Óvenjulegar markaðsaðstæður gætu komið af stað öðrum áhættuþáttum, sjá „Áhættusjónarmið“ í útbodslýsingu og viðauka.

Þessi vara felur ekki í sér neina vörn gegn markaðsframmistöðu í framtíðinni og því gætir þú tapað hluta af eða allri fjárfestingu þinni.

Takist okkur ekki að borga það sem skuldað er, gætir þú tapað allri fjárfestingu þinni.

## Sviðsmyndir frammistöðu

Sýndar tölur fela í sér allan kostnað vörunnar sjálfrar, en það getur verið að þær feli ekki í sér allan kostnað sem þú þarft að greiða ráðgjafa þínum eða söluaðila. Tölurnar fela ekki í sér skattstöðu þína, en gætu haft áhrif á hve mikið þú berð úr bótum.

Það hve mikið þú færð af þessari vöru fer eftir markaðsframmistöðu í framtíðinni. Markaðspróun í framtíðinni er óviss og ekki er hægt að spá fyrir um hana með vissu.

Þær óhagstæðu, hóflegu og hagstæðu sviðsmyndir sem sýndar eru byggja á verstu, miðlungs og bestu afkomu vörunnar og viðeigandi viðmiðs á a.m.k. 10 síðustu árum. Markaðir kunna að breytast með mjög ólíkum hætti í framtíðinni.

Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir borið úr bótum við ófgakenndar aðstæður á markaði.

Óhagstæða sviðsmyndin átti við um fjárfestingu á milli nóvember 2024 og desember 2025.

Hóflega sviðsmyndin átti við um fjárfestingu í vörunni/ markaðsviðmiði hennar á milli febrúar 2020 og febrúar 2025.

Hagstæða sviðsmyndin átti við um fjárfestingu í viðmiðinu á milli október 2016 og október 2021.

Ráðlagður haldtími: 5 ár.

Dæmi um fjárfestingu: EUR 10.000.

Sviðsmyndir		Ef þú selur eftir 1 ár	Ef þú selur eftir 5 ár
<b>Lágmark</b>	<b>Það er engin tryggð lágmarksarðsemi. Þú gætir tapað hluta af eða allri fjárfestingu þinni.</b>		
<b>Álag</b>	<b>Hvað þú gætir borið úr bótum eftir kostnað</b>	4.390 EUR	3.690 EUR
	Arðsemi að meðaltali á ári	-56,10 %	-18,09 %
<b>Óhagstætt</b>	<b>Hvað þú gætir borið úr bótum eftir kostnað</b>	8.400 EUR	9.200 EUR
	Arðsemi að meðaltali á ári	-16,03 %	-1,65 %
<b>Miðlungs</b>	<b>Hvað þú gætir borið úr bótum eftir kostnað</b>	10.390 EUR	15.290 EUR
	Arðsemi að meðaltali á ári	3,86 %	8,86 %
<b>Hagstætt</b>	<b>Hvað þú gætir borið úr bótum eftir kostnað</b>	13.740 EUR	19.260 EUR
	Arðsemi að meðaltali á ári	37,37 %	14,00 %

## Hvað gerist ef Waystone Management Company (IE) Limited getur ekki greitt út?

Rekstrarfélaginu ber engin skylda til að greiða út þar sem hönnun fyrirtækisins gerir ekki ráð fyrir að slík greiðsla verði innt af hendi. Þú ert ekki tryggður af neinu innlendu bótakerfi. Til að vernda þig eru eignirnar geymdar hjá aðskildu fyrirtæki, vörsluaðila. Skildi fyrirtækið lenda í vanskilum myndi vörsluaðili koma fjárfestingunum í verð og dreifa andvirðinu til fjárfesta. Í versta falli gætir þú hins vegar tapað allri fjárfestingu þinni.

## Hver er kostnaðurinn?

Sá einstaklingur sem ráðleggur þér um eða selur þessa vöru kann að leggja á önnur gjöld. Ef svo er mun sá einstaklingur láta þig fá upplýsingar um þann kostnað og hvernig hann hefur áhrif á fjárfestinguna þína.

### Kostnaður með tímanum

Í töflunum eru þær upphæðir sem teknar eru af fjárfestingu þinni til að greiða fyrir ýmsan kostnað. Upphæðirnar ráðast af hve mikið þú fjárfesti og hve lengi þú átt hana. Upphæðirnar sem sýndar eru hér byggja á dæmi um upphæð fjárfestingar og mismunandi möguleg tímabil fjárfestingar.

Við höfum gert ráð fyrir að:

- Á fyrsta árinu fengir þú aftur upphæðina sem þú fjárfestir (0 % annual return). Hvað varðar önnur haldtímabil höfum við gert ráð fyrir að varan standi sig eins og sýnt er í miðlungs sviðsmyndinni.

- EUR 10.000 er fjárfest.

	Ef þú selur eftir 1 ár	Ef þú selur eftir 5 ár
Kostnaður alls	529 EUR	1.691 EUR
Áhrif af árlegum kostnaði (*)	5,3%	2,3% á ári

(\*) Þetta sýnir hvernig kostnaður minnkar ávöxtun þína á haldtímanum. Til dæmis sýnir það að ef þú selur á þeim tíma sem mælt er með er því spáð að ársávöxtun þín verði að meðaltali 11,2% fyrir kostnað 8,9% eftir kostnað.

Við kunnum að deila hluta af kostnaðinum með þeim einstaklingi sem selur þér vöruna fyrir þá þjónustu sem við veitum þér. Sá einstaklingur mun upplýsa þig um upphæðina.

## Samsetning kostnaðarins

Einskiptiskostnaður við kaup eða sölu		Ef þú selur eftir 1 ár
Kaupkostnaður	4% af fjárhæðinni sem þú greiðir í upphafi þessarar fjárfestingar.	400 EUR
Sölu kostnaður	Við innheimtum ekki útgöngugjald fyrir þessa afurð.	0 EUR
<b>Viðverandi kostnaður [innheimtur árlega]</b>		
Umsjónargjöld og annar kostnaður vegna umsýslu eða rekstrar	1,1% af andvirði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun á grunni raunkostnaðar á síðasta ári.	110 EUR
Viðskiptakostnaður	0,2% af andvirði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er mat á kostnaði sem fellur til þegar við kaupum og seljum fjárfestingar sem liggja til grundvallar afurðinni. Raunveruleg fjárhæð er breytileg eftir því hversu mikið við kaupum og seljum.	19 EUR
<b>Tilfallandi kostnaður við tiltekna aðstæður</b>		
Afkomugjöld	Það er engin árangursþóknun fyrir þessa afurð.	0 EUR

## Hve lengi ætti ég að eiga og get ég tekið peningana út fyrir?

### Ráðlagður haldtími: 5 ár

Líta skal á afurðina sem fjárfestingu til meðallangs eða langs tíma. Þetta merkir a.m.k. fimm ár eða meira. Þú getur selt hluti í afurðinni á öllum viðskiptadögum samkvæmt skilgreiningunni í útbodslýsingunni með því að nota einhvern af þeim samskiptamátum sem þar koma fram. Engin útgöngugjöld verða innheimt. Frekari upplýsingar er að finna í töflunni „Sundurliðun kostnaðar“.

### Hvernig get ég kvartað?

Þú getur sent kvörtun þína til rekstrarfélagsins á 35 Shelbourne Rd, Ballsbridge, IE - Dublin, D04 A4E0, Írlandi eða með tölvupósti á [complianceeurope@waystone.com](mailto:complianceeurope@waystone.com).

Ef þú ert með kvörtun um aðilann sem ráðlagði þér um þessa vöru eða seldi þér hana, mun sá aðili segja þér hvar eigi að kvarta.

### Aðrar viðeigandi upplýsingar

- Hreint eignavirði á hlut, fyrri frammistaða og 10 ára frammistöðuviðsmyndir fyrir vöruna má finna á [www.pacificam.co.uk](http://www.pacificam.co.uk).

- Um vöruna gilda írsk skattalög, sem kann að hafa áhrif á skattstöðu þína sem fjárfestir vörunnar. Fjárfestar ættu að ráðfæra sig við eigin skattaráðgjafa áður en fjárfest er í vörunni.

Ítarlegar upplýsingar um uppfærð launakjör rekstrarfélagsins, að meðtalinni en ekki takmarkað við, lýsingu á hvernig laun og ábati eru reiknuð út, þá einstaklinga sem bera ábyrgð á að veita laun og ábata og þá sem skipa launanefnd er að finna á [www.waystone.com/waystone-policies/](http://www.waystone.com/waystone-policies/), hægt er að fá pappírseintak án endurgjalds sé þess óskað.